



Þorvarður Árnason



BLÁMI



ÓSAMRÝMANLEGAR VÍDDIR

Áður en ég komst í nálægð við jökul hafði ég oft keyrt þjóðveginn á leið austur á land og undrast um tilvist þessa fyrirbæris; horft á jöklana liggja þarna makindalega og teygja hrammana í átt að sjó; Minnismerki um tímann og afstæði hans. Fyrir nokkrum árum komst ég loks í vettvangsferðir inn í ríki Vatnajökuls. Ásamt Þorvarði Árnasyni labbaði ég upp á fjöll, arkaði yfir heiðar og niðri dali til þess að komast í návist við jökulinn. Reykslan hafði djúpstæð áhrif á mig, ýfði upp tilfinningar og háleitar hugsanir. Það sem blasti við mér í jökulheimi gagntók mig, ég var heltekin af litum og lögun, af myndum og verum sem birtust í ísnum; af hljóðum, af áferð, af röku og köldu andrúmsloftinu,

af bláma...jökulbláma. Margbreytileiki þessa undraheims virtist óendanlegur. Á ferðunum inni og ofan á jökla hlustaði ég og undraðist, sveiflaðist milli þreytu, slökunar og atorku. Líkt og í leiðslu; í kappi við tímann, vildi ég fá að snerta á, fanga brot af eilífðinni.

BLÁKALDUR VERULEIKI

„Og jökullinn er tegund. Margar. Allar í útrýmingu.“
Úr bókinni *Dimmumót eftir Steinunni Sigurðardóttur*.

Samskipti við náttúruna voru mikilvæg til að maðurinn næði að þrífast hér á landi, hann varð að læra að yrkja jörðina og

lesa í skýin. Lifnaðarhættir okkar nútímamanna reyna stöðugt á þolmörk náttúrunnar og höfum við að miklu leyti misst hæfileikann til þess að rýna og lesa í náttúruleg fyrirbæri. Það er því lífsspursmál að endurmeta tengsl okkar við náttúruna og umgangast hana af meiri virðingu og kærleika. Jöklar gegna viðamiklu hlutverki í tengslum við líf og imyndunarafli íslensku þjóðarinnar. Jöklar þekja um 10% af flatarmáli Íslands. Stærstur þeirra er Vatnajökull og er hann einnig sá stærsti í Evrópu að rúmmáli. Jöklar hörfa hratt hvarvetna á jörðinni og eru breytingar á útbreiðslu jökla og íss ein sýnilegasta birtingarmynd hlýnandi loftslags í heiminum. Bráðnun þeirra hefur viðtek áhrif vistkerfin í hafi og á landi og þær breytingar sem eru að eiga sér stað munu hafa afdrifarík áhrif á líf fólks. Jöklalíkón benda til þess að innan

150 - 200 ára verði Vatnajökull horfinn að mestu. Jökull er lifandi náttúrufyrirbúi, fagurt og ógnvænlegt, þar sem mykt og harka sameinast á undursamlegan hátt. Jöklar hafa mótað land og þjóð í gegnum árhundruðin og snertir tilvist þeirra og dauði okkur öll. Jöklar eru hluti af hringrás lífsins, eitt sinn táknmynd elífðarinnar, nú táknmynd hverfuleikans.

BLÁR TÖFRAKRISTALL

Náttúran er uppspretta undrunar og andlegra verðmæta. Tengsl við náttúruna og vinna við skapandi verkefni er tengja mann og náttúru getur stuðlað að breyttu siðferðilegu viðhorfi og bættum umgengnisvenjum okkar gagnvart móður jörð.

Þorvarður Árnason hefur um árabíl ferðast um jökulheima Hornafjarðar, dvalið þar, notið ægi- og ævintýrafegurðar og leitast við að fanga litadýrð jökla og mikilfengleika þeirra með ljósmynda- og kvikmyndavélum. Sýningin *Blámi* er afrakstur náins sambands Þorvarðar við jöklana. Fagurferðileg upplifun náttúrufyrirbæra og áhrifinn sem þau hafa á líf okkar er meginstef sýningarinnar og hrífmáttur og ljómun þessa fagra, sérstaka, – jökulbláma sem springur út í skriðjöklum að vetrarlagi reynir Þorvarður að nálgast í gegnum ljóslistir, bæði kvikar og kyrrar. Fegurðarþráin er drifkraftur, eins konar hulinsskikkja sem getur hleypt allskyns hlutum af stað. Aðdráttarafl fegurðar hefur jákvæða og neikvæða krafta sem hverfast um hið óáþreifanlega sem býr í sálu manna og hið áþreifanlega og formgerða. Hinir

neikvæðu kraftar birtast í skeytingarleysi gagnvart umhverfi og náttúru. Hinir jákvæðu kraftar birtast sem nærandi upplifun sem hvetur menn til uppbyggilegra verka.

Þorvarður Árnason trúir á fegurðina sem leið til skilnings og sem afls til umbreytinga á lífi okkar. Sýningin *Blámi* snýst um töfra og galdra sem felast í að hampa fegurðinni sem höfðar til betri vitundar manna. Það er ósk okkar sem að sýningunni standa að hún vekji gesti til umhugsunar um „stóru myndina“, heildarsamhengi alls þess sem er í húfi.

Þóráanna Dögg Björnsdóttir,
Sýningarstjóri



Að kynnast jökli

Hvernig er hægt að kynnast jökli og hvað getur vinátta jökla og mannfólks gefið okkur? Þegar við spyrjum þessarar spurningar í dag erum við um leið að spyrja um hvað við munum missa þegar þessi vinátta verður ekki lengur möguleg. En hvað felst í því að kynnast fyrirbæri, vera í félagsskap eða vinskap við það? Og hvers vegna ættum við að sækjast eftir slíkum kynnum? Það að kynnast einhverjum eða einhverju felst í nálægð eða nærveru, að komast í snertingu við eitthvað, og eftir því sem nálægðin er meiri og nær yfir lengri tíma því dýpri verða kynnin, þar til vináttusamband verður til.

Flestöll sem búa og dvelja á þessu landi ísa hafa kynnst jökulum, en við fáum ekki öll tækifæri til að komast nær þeim en að horfa úr fjarska. Ég man ekki hvenær ég kynntist Snæfellsjökli fyrst, hann var hluti af sjóndeildarhringnum, stolt þorpsins míns á Suðurnesjum þaðan sem útsýni til hans er einstakt. Hann blasir þarna við, liggur á haffletinum hinum megin flóans, alltaf sama formið, suma daga risastór og tignarlegur, virðist svo nálægt að hægt sé að snerta hann, aðra daga þokukenndur í fjarskanum. Hann var fjarlægur og dularfullur, og sögur um dulda orku, geimverur, Snæfellsás og göng inn að miðju jarðar gáfu óljósa tilfinningu fyrir því að það byggi eitthvað eða einhver inni í jöklinum, hann væri ekki allur þar sem hann er séður. Síðar kynntist ég öðrum jökulum, alltaf úr fjarlægð; Þórisjökli, Eiríksjökli, Langjökli og Okinu á ferðum um Kaldadal og Húsafell, Mýrdalsjökli og mun síðar Vatnajökli á ferðum um suður- og suðausturströndina, sama fjarlægðin og dulúðin út um bílrúðuna. Þessi skynjun á jöklinum; hann er fjarlægur, dularfullur, það býr eitthvað undir yfirborðinu, er sú sem fylgdi mér framan af, og fylgir okkur líklega mörgum. Það var svo í gegnum Þorvarð Árnason sem ég fór að kynnast jökulunum nánar, en hann átti stóran þátt í því að doktorsverkefni mitt í heimspeki fólst m.a. í því að skilja í hverju fagurferðileg upplifun af jökulum felst og hvert gildi slíkrar upplifunar sé.

Ég komst í fyrsta sinn í *nálægð* við jökul árið 2007 þegar ég gekk upp að sporðinum á Svínafellsjökli ásamt samstarfskonu minni í gagnasöfnun fyrir Íslenska landslagsverkefnið sem Þorvarður stýrði ásamt Þóru Ellen Þórhallsdóttur. Við gengum frá bílastæðinu og þegar við nálguðumst fundum við þurran kuldann aukast smátt og smátt, sem skapaði óræða undrun og forvitni. Þegar við gengum fyrir hornið á klettavegg blasti ísveggurinn allt í einu við okkur, og við tókum andköf, okkur krossbrá satt að segja. Yfirþyrmandi stærðin, kuldinn, lyktin, þögnin sem samt var svo full af möguleikanum á háværu braki og brestum.

Í fyrsta sinn sem ég komst í *snertingu* við jökul var ári síðar, og aftur var það Þorvarður sem leiddi mig að jöklinum ásamt hópi af nemendum og kennurum í málstofu um náttúrufagurfræði við heimspekideild HÍ. Leiðin lá að Hoffellsjökli. Við gengum yfir jökulruðningana að skriðjöklinum sem lá ofan á grjóti og sandi, nokkrir jakar lágu á við og dreif fyrir framan jökulinn og hljóðheimurinn sem helltist inn í mig þegar við komum nær var undraverður. Við heyrðum jakana hvísla, hver einasti örmái ískristall kvaddi tærum rómi um leið og hann bráðnaði, varð að vatni sem sóst í vatnsdropakór með kristöllumum. Ég varð að komast nær þessu hljóði, en landslagið lét mér líða þannig að ég leið um hægt og rólega í ástandi sem einkenndist af undrun og aðdáun en á sama tíma útþaninni athygli sem beindist að einhverju leyti einnig að því fara varlega, örlítill óttablandin virðing í hverju skrefi. Þegar ég komst svo að einum jakanum jókst enn á undrunina. Að sjá örmáa veröldina innan í glærum ísnum, rykkornin og sandinn sem höfðu dvalið þar um aldir, þöglu vitni, en biðu þess nú að bráðna aftur ofan í sandinn. Að snerta silkimjúkan og ískaldan ísinn, fylgja eftir fornumum með augum og höndum, að finna lyktina og bragðið af ísnum. Eftir nokkra stund tókst mér að slita mig frá þessum undraverða heimi sem hafði sogað mig að sér. Hópurinn hélt áfram, nær jöklinum, þar til við gátum gengið örlitinn spól upp á jökulsþorðinn. Þar fannst mér ég í fyrsta sinn vera augliti til auglitis við jökulinn. Ég fíkraði mig rólega upp eftir jöklinum, athyglin útþanin eins og áður, meðvítuð um hættuna af því að renna til, svo að ég horfði niður á meðan ég gekk. En þegar ég kom á ystu nöfna á þessum hluta jökulsins leit ég upp og við mér blasti jökulveggur sem gnæfði fyrir ofan mig. Hjartað tók kipp, stingur í magann og lítill kökkur í hálsi myndaðist þegar ég stóð *augliti til auglitis* við þessa gríðarstóru, kyrru, hægu, ævafornu og máttugu veru sem mér fannst hljóta að vita allt. Þessi vera hafði verið vitni að öllu sem á undan hefur gengið frá því landið í kringum hana kom undan ísnum, hún hafði tekið þátt í að móta landið.

Enn öðru ári síðar fékk ég í fyrsta sinn tækifæri til að kynnast ísbreiðunni á hájöklinum. Aftur var Þorvarður með í för, við vorum á ferð fyrir Íslenska landslagsverkefnið að safna gögnum um háhitalandslag, og á leið okkar í Kverkfjöll stoppuðum við á miðjum Vatnajökli til að safna einnig gögnum þar. Hér var upplifunin önnur, ég fann fyrir jöklinum smjúga inn og fylla vitundina. Endalust hvítt flæmið, að finna fyrir öllum massanum af ævafornum ís undir fótum sér. Hvítt rennur saman við hvítt, jökull saman við ský. Einhver dularfull orka í hvítri birtunni fær mig til að langa að hverfa inn í jökulinn. Einhver einkennileg þögn, tóm, kyrrð og orka sem fær mig til að finnst ég vera í annarri vidd, komin nær himninum. Hvítt inn um augun, hvítt inn í mig.

Þessar upplifanir minar hafa veitt mér tækifæri til að komast í kynni við jökulinn, vera í félagsskap hans, tengjast honum á allt annan hátt en ég hafði áður gert út um bílrúðuna eða yfir Faxaflóann. Ég hef fengið að kynnast honum frá ólíkum hlíðum, að komast nær, komast í snertingu, komast augliti til auglitis, finna fyrir honum innra með mér.

En ég hef ekki ennþá komið inn í jökulinn, nema að því leyti sem ég hef hugsað mig inn í hann og skynjað út frá miðlun annarra. Inn í íshellana og veröld blámans sem Þorvarður hefur verið að kynnast undanfarin ár hef ég ekki ennþá komið. Tilfinning mín er að slík kynni við jökulinn geti skapað enn annað lag upplifunar, annarskonar kynni af, annarskonar samtal við jökulinn.

Í viðtali sagðist Þorvarður hafa verið vitni að því að fólk verði „bergnumið“ inni í íshellunum. Mér verður hugsað til Bárðar Snæfellsáss. Hvað gerir það við okkur að eiga möguleikann á slíkum tengslum við jökulinn? Hvað gerist innra með okkur þegar við verðum bergnumin af náðinni við botnlag jökulsins, elsta lagið, sem hefur þjappast á hundruðum ára í einskonar kristalstein sem minnir á demant eða gler? Þetta lag sem er á hreyfingu, getur skriðið eins og af sjálfsdáðum undan eigin þunga, löturhægt en af þunga sem grefur dali og firði í klettaveggi. Ég ímynda mér að jökullinn birtist enn sterkar sem lifandi vera, lifandi og umlykjandi nærvera, þegar inn í íshellinn er komið. Er það að vera bergnuminn að vera numin brott af skynjun sinni? Ég ímynda mér að þessi sterka líkamlega skynjun sem helltist yfir mig í upplifununum sem ég lýsti hér að ofan verði enn sterkari, þegar fólk verður bergnumið inni í kyrrðartömi íshellisins. Skynvitundin fyllist af jöklinum, ekkert annað kemst að í líkamannum, þannig að athyglin færist öll að þeirri skynfinningu sem jökullinn mótar í innra landslag líkamans. Þannig erum við orðin móttakendur merkingar; þegar við könnum það innra landslag sem jökullinn mótar í okkur með því að hlusta eftir því sem birtist í vitundinni á meðan við leyfum okkur að finna fyrir og fylgjast með skynfinningunni. Það að hlusta á þessa skynfinningu er að hlusta á jökulinn.

Á öld hamfarahlýnunar er að renna upp fyrir okkur ný heimsmynd þar sem mannveran er ekki lengur miðja alls sem mótar náttúruna eftir eigin þörfum að vild, heldur hluti af flókinni heild fyrirbæra og ferla sem hún þarf að læra að hlusta á. Mannveran sem trónaði á toppnum og í miðjunni vandist því að kynnast náttúrunni aðeins úr fjarlægð, horfa á hana yfir flóannin eins og ég horfði eltt sinn á Snæfellsjökul. Nú þarf hún að komast aftur nær, og komast um leið nær sjálfri sér sem þeirri líkamlegu tengslaveru sem hún er. Þegar við hlustum á líkamann hlusta á jökulinn; hlustum á okkur sjálf hlusta, þá getum við sagt að við séum að kynnumst jöklinum eins og góðum vini, einhverjum sem við getum átt í samskiptum við, hlustað á af athygli og lært af.

Ég hef ekki ennþá farið inn í íshellinn en ég hef kynnst honum í gegnum sameiginlegan vin. Með því að fræða mig um líf og eðli jökulsins í gegnum vísindin og með því að deila með mér sínum nánustu augnablikum með einkavini sínum Vatnajökli í gegnum ljós-og kvikmyndir hefur Þorvarður skapað tækifæri til þess að ég geti í gegnum einskonar speglun upplifað eitthvað sem kallast á við líkamlega nærveru við jökulinn. Þessi skrásetning og miðlun á nærveru jökulsins er ákaflega brýn í ljósi þess sem við verðum að horfast í augu við þó sársaukafullt sé; jöklarnir eru að hverfa og með þeim möguleikinn á félagsskap þeirra. Við fáum ekki öll tækifæri til að koma inn í íshelli og snerta jökulinn þaðan, hvorki við sem búum á jörðinni í dag, né þau sem munu byggja hana þegar jöklarnir eru alveg horfnir eftir eina til tveir aldir, en við þurfum öll að fá tækifæri til að hlusta á það sem snerting við jökulinn kallar fram. Við þurfum öll að fá að heyra skilaboð jökulsins, og framtíðarkynslóðir þurfa að fá að heyra hvað við heyrðum, heyra að við hlustuðum.

Án þess að hafa komið inn í íshellinn en með eigin fyrri jöklaupplifanir, og upplifanir af ljósmyndum, kvikmyndum og orðmyndum Þorvarðar og annarra lista- og fræðimanna í farteskinu, loka ég augunum og beini athyglinni að skynjun minni þar til ég nem ákveðna skynfinningu í miðju líkamans. Þegar ég beini athyglinni að henni finnst mér einnig vera komin inn í ísinn, og þar íðar allt af lífi og ljósi, ég skynja flæði, hringrás og óendanleika. Það sem íðar þarna inni ásamt ryk- og sandögnunum og lífinu sem þar leynist er allt sem jökullinn hefur orðið vitni að; allar hreyfingar og skynjanir jarðar, vatns, plantna, dýra og mannvera sem hafa mætt honum síðan hann varð til. Í þessari skynfinningu er líka einhver þyngri tónn. Ekki ótti. Ekki sorg. Einhver yfirþyrmandi risastór endaleysa og forneskja sem ég næ ekki yfir. Og þessi skynjun á að ná ekki yfir tengist því að geta ekki hugsað sér að skynja tilveruna án þessarar endaleysu og forneskju. Þessi endaleysa og forneskja er náttúran sem við erum hluti af, og jökullinn færir okkur þau skilaboð frá henni, að hann verður líklega fyrsta náttúruaflið sem deyr út og við þurfum að lifa án. Útdauðu dýra- og plöntutegundirnar eru orðnar óteljandi og dauði þeirra virðist fara framhjá okkur flestum, en náttúruöfl eins og vatn, jörð, haf, jökull, ský eða snjókorn er nær ómögulegt að ímynda sér í burtu. En það þurfum við að gera, við þurfum að hætta að taka jörðinni, fegurð hennar og næringu, sem sjálfsögðum hlut og gera okkur grein fyrir að til þess að mega lifa með henni áfram þurfum við að vanda hvert einasta spor, taka jafnvel hvert skref af örlitilli óttablandinni virðingu, hlustandi af einbeittri athygli á hvað umhverfið, aðstæðurnar; náttúran kallar á.